



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

### ***Umsögn um tillögu fulltrúa Vinstri grænna um átak til að koma í veg fyrir margs konar stöðubrot í miðborg Reykjavíkur.***

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Vinstri grænna:

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að gera átak í að koma í veg fyrir margs konar stöðubrot sem viðgangast í miðborg Reykjavíkur og öðrum hverfum á öllum tíma sólarhringsins s.s. með þrengingum, götugögnum, gróðri, aksturshindrunum og pollum. Vinna hefjist sem fyrst við að greina svæði þar sem tíð stöðubrot eiga sér stað og samhliða henni verði farið strax í tímabundnar lausnir til að hindra þau.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 15. mars sl.

Umsögn:

Það eru margir í staðir í borginni þar sem stöðubrot eiga sér stað. Hægt er að fara í einhverjar aðgerðir með litlum tilkostnaði en á mörgum stöðum er ljóst að fara þarf í endurhönnun og framkvæmdir til að koma í veg fyrir stöðubrot. Í dag er enginn liður á fjárfestingaráætlun borgarinnar sem rúmar átak sem þetta en samhliða framkvæmdum sem eiga sér stað er reynt að hafa það í huga að bregðast við þekktum vandamálum.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Samgöngustjóri